

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 7.12.2023  
UST202301-396/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þrýstiprófun á tveimur lögnum Olíudreifingar ehf., nr. 710.60.00 og 710.63.00 í birgðastöðinni á Seyðisfirði.**

Umhverfisstofnun bárust þann 18. október sl. niðurstöður þrýstiprófunar á tveimur eldsneytislögnum í olíubirgðastöðinni á Seyðisfirði.  
Lögn 710.60.00 er úr svörtu stáli, 6" DN 150 7,1 mm.  
Lögn 710.63.00 er plastlögn, 4" DN100.

Prófunin fór fram þann 9. nóvember 2022. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, rúm 12 bör og prófað í 4 klst. Síriti af gerðinni Campell CR850 vaktaði og skráði þrýstingsbreytingar. Hitastig var um 4°C. Lagnirnar voru prófaðar saman.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófunina.

**Lagnirnar stóðust prófunina og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögnum.**

**Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíulagnir og löndunarlagir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri